



Reykjavíkurborg
Skóla- og frístundasvið



Stakkaborg

2024 – 2025



Framtíðarsýn skóla og frístundasviðs:

Í kraftmiklu skóla- og frístundastarfi öðlast börn og unglingar menntun og reynslu til að láta drauma sína rætast og hafa jákvæð áhrif á umhverfi og samfélag.



Efnisyfirlit

| | |
|---|----|
| Leiðarljós leikskólans | 3 |
| 1 Greinargerð leikskólastjóra | 3 |
| 2 Innra og ytra mat leikskólans fyrir 2023-2024 | 4 |
| 3 Umbótaáætlun leikskólans 2024-2025..... | 6 |
| 4 Innra mat deilda 2023-2024 | 8 |
| 5 Innra mat sérkennslu..... | 13 |
| 5 Innra mat – börn með fjölbreyttan tungumála- og menningarbakgrunn | 15 |
| 6 Starfsþróunarsamtöl og fræðsla..... | 16 |
| 7 Samstarf leikskóla, grunnskóla og frístundamiðstöðva..... | 18 |
| 8 Foreldrasamvinna..... | 18 |
| 9 Skipulagsdagar og leikskóladagatal | 19 |
| 10 Fylgiskjöl | 20 |
| 10.1 Umbótaáætlun allra deilda 2024-2025..... | 20 |
| 10.2 Leikskóladagatal 2024-2025..... | 21 |
| 10.3 Umsögn foreldraráðs | 22 |





Leiðarljós leikskólans

Gleði – Hreyfing – Vinátta

Við mætum til leiks á hverjum degi með gleði í hjarta og bros á vör. Við nýtum hreyfingu eins mikið og kostur er, bæði inni og úti. Í leikskólanum okkar ríkir vinátta bæði meðal starfsmanna og barna.

1 Greinargerð leikskólastjóra

Skólaári 2023-2024 var einstaklega farsælt í Stakkaborg. Við náðum að klára alla ráðningar fyrir opnun leikskólans. Við vorum þó með svolítið af nýju fólki þannig að við þurftum að læra hvert á annað og kenna nýjum starfsmönnum hvernig við gerum í Stakkaborg. Starfsmannavelta var mjög lítil í vetur og allir hjá okkur allan veturinn sem byrjuðu í haust. Starfsárið hefur einkennst af jákvæðum starfsanda og eflingu á því fagstarfi sem við þegar erum að vinna. Við fengum Vöndu Sigurgeirsdóttir í Kvan til að koma með erindi til að finna og vinna með börn sem eiga erfitt í félagslegum aðstæðum og það var mikil ánægja með það erindi. Starfsmannahópurinn skiptist núna í tæp 50% sem eru í KÍ – eru með leyfisbréf eða aðra uppeldismenntun, 20% í Sameyki með aðra háskólamenntun og 30 % eru í Eflingu, við erum að sjá háskólamenntuðum fjölga og fögnum við því að efla menntunarstig starfsmanna enn frekar. Í vetur voru tveir í námi í leikskólakennarafræði og við stefnum á að hafa þrjá starfsmenn í námi næsta vetur. Við leggjum ríka áherslu á það við starfsfólk að nýta sér það að fá námsleyfi til að geta fengið leikskólakennaramenntun.

Fjöldi barna á elstu deildinni voru 31, miðdeildinni 22 og á yngstu deildinni 14 en við höfðum fengið leyfi til að hafa 67 börn sökum plássleysis. Við erum þó að fara upp í 69 börn næsta vetur og byrjum í sumar að fjölga þessum tveimur plássum. Við sóttum eftir því að fá stækkun við Stakkaborgina og á okkur var hlustað af SFS – og erum við mjög þakklát fyrir það. Þannig að nú sjáum við fram á það næsta vetur að fara úr 3ja deilda leikskóla yfir í 5 deilda leikskóla og heildarfjöldi barnanna ætti að fara í 100 börn eftir stækkun. Framkvæmdir eru þegar hafnar og það er mikil tilhlökkun í starfsmannahópnum að fá betra og meira rými fyrir börnin. Í nýju húsi munum við vinna enn frekar að því að efla stefnu leikskólans „flæði“ en við höfum núna flæði í stærra húsinu frá kl 14-16:30 en þá flæða börnin milli deilda eftir því sem leikefnið kallar á þau. Í nýju húsnæði sjáum við fyrir okkur að nýta flæðið enn meira og þar verðum við með 44 elstu börnin í því húsi, með matsal sem verður í flæði, hópherbergi, stóra listaaðstöðu og svo góð útikennslusvæði í kringum húsið.

Við fengum óvænta heimsókn frá Serbíu um miðjan apríl en þá komu tveir leikskólakennarar og fylgdust með starfi leikskólans. Við fengum svo óvænt tækifæri í gegnum Erasmus til að endurgjalda ferðina og fóru leikskólastjóri, aðstoðarleikskólastjóri, deildarstjóri og sérkennslustjóri út í maí til að





fá innsýn í serbneskt skólakerfi. Við fengum frábærar viðtökur og stefnum á að halda sambandi við leikskólann Mastolend í Novi Sad í Serbíu.

Við horfum björtum augum á næsta vetur sem kemur til með að verða viðburðameiri en þessi síðasti enda stórar framkvæmdir framundan og stækkun á leikskólanum sem er kærkomin. Við finnum að starfsfólk hlakkar til nýs skólaárs og er tilbúið að leggja á sig þrengsli á eldri deildum þar til við flytjum hana yfir í nýtt húsnæði. Við munum þó þurfa að sjá eftir tveimur leikskólakennurum en erum að vinna í því að fá inn starfsfólk í þær stöður og leggjum mikla áherslu á íslenskukunnáttu í þeim ráðningarferlum. Við höfum þegar ráðið inn einn starfsmann sem mun taka að sér að leiða verkefnastjórnun í tónlist innan leikskólans en hann tekur við starfi starfsmanns sem sá um verkefnastjórnun í læsi. Við erum vongóð um að vera fullmönnuð fyrir veturinn og hlökkum virkilega til að takast á við það verkefni að stækka Stakkaborgina og bjóða þar með fleiri börnum í leikskólann, auka verulega rými og starfsaðstæður barna og starfsmanna. Við erum þakklát fyrir þann stuðning sem við finnum frá Skóla- og frístundasviði í tengslum við stækkun og lítum á þetta sem mikið tækifæri til að gera Stakkaborg að enn öflugri leikskóla.



2 Innra og ytra mat leikskólans fyrir 2023-2024

Innra mat

| Hvað var metið? | Félagsleg staða nemenda |
|---|--|
| Hvernig fór matið fram? | Fengum fyrirlestur um félagslega stöðu nemenda frá Vöndu í Kvan. Farið yfir aðferðir til að greina stöðu barna í barnahópnum. |
| Hverjir tóku þátt í matinu? (starfsmenn, börn, foreldrar, aðrir) | Allt starfsfólk auk starfsmanns frá Kvan sem hélt fyrirlestur og aðstoðaði við framkvæmd matsins. Matið var unnið á skipulagsdegi og svo aftur hist mánuði seinna á starfsmannafundi og mati lokið þá. |
| Helstu niðurstöður mats (styrkleikar og tækifæri til umbóta) | Farið yfir stöðu allra barna í barnahópnum. Settar inn aðgerðir fyrir þau börn sem við sáum að komu illa út. Bæði aðgerðir sem snéru að starfsfólki og svo til að aðstoða börn í félagslegum aðstæðum. |
| Hvað var metið? | Staða tvítyngdra barna gagnvart tungumálinu |
| Hvernig fór matið fram? | Farið yfir hæfnisramma á deildum með tvítyngdum börnum. |
| Hverjir tóku þátt í matinu? (starfsmenn, börn, foreldrar, aðrir) | Deildarstjórar viðkomandi barna. |
| Helstu niðurstöður mats (styrkleikar og tækifæri til umbóta) | Farið yfir stöðu tvítyngdra barna og skoðað hvaða aðstoð hvert barn þarf út frá listununum. |





| Hvað var matið? | Staða teymisvinnu |
|--|--|
| Hvernig fór matið fram? | Farið yfir hvað var gert í hverju teymi – skráð skýrsla sem segir til um hvar staðan sé eftir veturinn í hverju teymi |
| Hverjir tóku þátt í matinu? (starfsmenn, börn, foreldrar, aðrir) | Starfsmenn í teyjum : Grænum skrefum og læsisteymi |
| Helstu niðurstöður mats (styrkleikar og tækifæri til umbóta) | Í Grænum skrefum var byrjað á skrefi 2 og stefnt að því að ljúka því fljótlega. Græn skref héldu utan um Lífshlaupið og hvöttu starfsmenn til að taka þátt. Veitt voru verðlaun fyrir fyrstu tvö sætin. Í læsishópnum var unnið með læsi í tengslum við þemu hverju sinni. Teymisstjóri læsis sótti fundi læsisteyma hjá MML í allan vetur og nýtti þá þekkingu í læsisteyminu. Ný teymisstjóri tekur við á næsta ári. Við sjáum að Flæðislesturinn þarf að festa betur í sessi. |
| Hvað var matið? | Útikennsla |
| Hvernig fór matið fram? | Fórum yfir tilgang útikennslu á starfsdegi í febrúar og endurmátum aftur í apríl hvernig gekk. |
| Hverjir tóku þátt í matinu? (starfsmenn, börn, foreldrar, aðrir) | Allir starfsmenn leikskólans |
| Helstu niðurstöður mats (styrkleikar og tækifæri til umbóta) | Farið yfir hvað er búið að breytast en helstu niðurstöður voru þær að við þurfum og getum gert miklu betur í útikennslunni. Þurfum að kenna nýju starfsfólki betur að nýta útkennslugögnin sem eru til. Viljum taka þennan þátt enn betur inn í skólastarfið næsta ár. |

Ytra mat

| Hvað var matið? | Starfsánægja |
|--|---|
| Hvernig fór matið fram? | Starfsmannakönnun Stofnun ársins |
| Hverjir tóku þátt í matinu? (starfsmenn, börn, foreldrar, aðrir) | Starfsmannakönnun á vegum Sameykis. Stakkaborg kom mjög vel út, var með í heildina 4,58 stig af 5 mögulegum. Við hækkuðum í 6 þáttum af 10 en lækkuðum lítillega í 4 þáttum. |
| Helstu niðurstöður mats (styrkleikar og tækifæri til umbóta) | Við hækkuðum í þáttum sem snéru að heildarmati, stjórnun, vinnuskilyrðum, starfsanda, sveigjanleika í starfi og jafnrétti. Við lækkuðum mest í þættinum um launakjör en það er þáttur sem í raun er ekki á okkar færi að bæta – heldur stéttafélaga. Við lækkuðum um 0,0,2 til 0,10 stig í ímynd, sjálfstæði í starfi og ánægju/stolti. |





3 Umbótaáætlun leikskólans 2024-2025

| Stjórnun-mannauður/leikskólabragur-innra mat | Teymisvinna |
|--|--|
| Umbótapáttur/matspáttur(t.s. stjórnun, uppeldis og menntastarf, mannauður/leikskólabragur, innra mat) | Teymisvinna – erum enn að innleiða það að hafa fleiri teymi í leikskólanum. Höfum haft teymi um Græn skref og læsi. Höfum einnig í vetur byrjað að leggja grunn að sérkennsluteymi og sjáum fyrir okkur að efla það enn frekar. Stefnt á að fjölga teyimum t.d. hafa eitt Uppbrots- og viðburðarteymi. |
| Tækifæri til umbóta-Að hverju er stefnt? | Efla teymi og fjölga þeim. |
| Aðgerðir til umbóta-Hvernig á að framkvæma það? | Erum byrjuð að festa í sessi fundartíma teyma og það gekk ágætlega í vetur og munum leggja enn frekari áherslu á það. |
| Ábyrgð | Allir starfsmenn sem eru í teyimum. |
| Hvenær hefst og hvenær eru áætluð lok? | Verkefni sem ekki verður lokið – heldur fest í sessi til framtíðar. |
| Hvenær og hvernig á að meta? Hvaða aðferðir á að nota við matið (t.d. könnun, rýnihópur, fundir, viðtal við börn) | Hver hópur metur hvernig gekk í teyminu eftir veturinn og skrifar skýrslu um hvað gekk vel og hvað þarf að bæta. |
| Viðmið um árangur-Viðmið er gæðalýsing og/eða mælikvarði sem stuðst er við til að meta hvernig tókst að ná markmiði | Þegar að við höfum náð að fá sem flesta starfsmenn að borðinu til að vera í einhverju teymi þá erum við að valdefla allan skólann, skipta með okkur ábyrgð og verkefnum. |
| Stjórnun-mannauður/leikskólabragur-innra mat | Skólanámskrá |
| Umbótapáttur/matspáttur(t.s. stjórnun, uppeldis og menntastarf, mannauður/leikskólabragur, innra mat) | Skólanámskrá, endurmat og innleiðing nýrra laga |
| Tækifæri til umbóta-Að hverju er stefnt? | Að skólanámskráin verði leiðandi handbók um starf leikskólans Festa hana í sessi sem leiðarljós leikskólans. |
| Aðgerðir til umbóta-Hvernig á að framkvæma það? | Farið yfir námskránnu út frá breytingum Aðalnámskrár leikskóla. |
| Ábyrgð | Stjórnendur og allt starfsfólk |
| Hvenær hefst og hvenær eru áætluð lok? | Haust 2024 og ljúkum fyrir jól 2024 |
| Hvenær og hvernig á að meta? Hvaða aðferðir á að nota við matið (t.d. könnun, rýnihópur, fundir, viðtal við börn) | Námskráin er mjög nýleg en það þarf að yfirfara hana út frá breytingum í Aðalnámskrá leikskóla. Farið yfir á deildafundum og skipulagsdögum. |
| Viðmið um árangur-Viðmið er gæðalýsing og/eða mælikvarði sem stuðst er við til að meta hvernig tókst að ná markmiði | Allir kunna og vita fyrir hvað leikskólinn Stakkaborg stendur. Að námskrá leikskólans sé grunnstoð starfsins. |





| Stjórnun-mannauður/leikskólabragur-innra mat | Fjölmening |
|--|--|
| Umbótaþáttur/matsþáttur(t.s. stjórnun, uppeldis og menntastarf, mannauður/leikskólabragur, innra mat) | Efling fjölmeningar í leikskólanum, gera hana sýnilegri með því að setja upp fjölmeningarteymi |
| Tækifæri til umbóta-Að hverju er stefnt? | Setja upp móttöku áætlun fyrir ný börn. Festa í sessi Velkomin í hverfið í upphafi skólagöngu hjá erlendum börnum. Vinna að því að gera fjölmeningu sýnilegri í skólasterfinu. |
| Aðgerðir til umbóta-Hvernig á að framkvæma það? | Vinna náíð með Velkomið í hverfið þegar ný börn byrja. Byggja ofan á Stjarna vikunnar sem unnið hefur verið með undanfarin ár. Fá fræðslu frá Nóaborg og stefna á að hafa Alþjóðaviku í vor. |
| Ábyrgð | Stjórnendur og allt starfsfólk |
| Hvenær hefst og hvenær eru áætluð lok? | Haust 2024 og festa þetta í sessi í framtíðinni – lokið á vorönn 2025. |
| Hvenær og hvernig á að meta? Hvaða aðferðir á að nota við matið (t.d. könnun, rýnihópur, fundir, viðtal við börn) | Gera sýnilega fjölmeninguna og fá foreldra inn í starfið þá vikuna. Hafa könnun meðal foreldra um upplifun af þessum dögum. |
| Viðmið um árangur-Viðmið er gæðalýsing og/eða mælikvarði sem stuðst er við til að meta hvernig tókst að ná markmiði | Að gera fjölmeningu leikskólans sýnilegri, auka vísýni starfsmanna, barna og foreldra gagnvart fjölbreytileika barnahópsins. Halda uppskeruhátíð þar sem fjölmeningu er gert hátt undir höfði og kynna þannig fyrir leikskólasamfélaginu hvað við erum fjölbreytt. |
| Stjórnun-mannauður/leikskólabragur-Innra mat | Lausnateymi og Farsæld barna |
| Umbótaþáttur/matsþáttur(t.s. stjórnun, uppeldis og menntastarf, mannauður/leikskólabragur, innra mat) | Lausnateymi og Farsæld barna. |
| Tækifæri til umbóta-Að hverju er stefnt? | Festa í skorðum lausnateymi og koma af stað verkáttum í tengslum við Farsæld barna að fullu. |
| Aðgerðir til umbóta-Hvernig á að framkvæma það? | Ákvarða í samstarfi við Þjónustumiðstöð hvaða aðilar sitja í lausnarteymi og setja teymisfundi inn í skipulag leikskólans. Koma af stað verkáttum í tengslum við Farsæld barna til dæmis hvernig við vinnum með samþættinguna þannig allir starfsmenn fari eftir því verklagi. |
| Ábyrgð | Sérkennslustjóri ásamt öðrum stjórnendum leikskólans. |
| Hvenær hefst og hvenær eru áætluð lok? | September 2024 til júní 2025 |
| Hvenær og hvernig á að meta? Hvaða aðferðir á að nota við matið (t.d. könnun, rýnihópur, fundir, viðtal við börn) | Nóvember 2024 – Febrúar 2025 – Maí 2025. Metið með fundum lausnateymis ásamt stjórnendum leikskólans. |
| Viðmið um árangur-Viðmið er gæðalýsing og/eða mælikvarði sem stuðst er við til að meta hvernig tókst að ná markmiði | Að lausnarteymið sé farið að starfa sem skyldi og að allir starfsmenn leikskólans viti hvernig unnið er að Farsæld barna. |





4 Innra mat deilda 2023-2024

Kattholt

Skólaveturinn 2023-2024 byrjaði á því að stilla saman ólíka aldurshópa en börn fædd 2018 voru 15 og börn fædd 2019 voru 16 á deildinni. Við byrjuðum veturinn á að hver hópstjóri tók sinn hóp og settist niður til að finna hvar áhugi barnanna liggur og á hvað hátt við gætum leyft þeim að blómstra í frjálsa leiknum. Við nýttum svo haustið til að finna út á hvaða hátt við gætum skipt hópnum og hvernig við gætum unnið að sameiginlegum markmiðum, þannig að hver einstaklingur hefði tækifæri til að blómstra í skólanum. Hópstjórar skiptust oft á að taka ólíka hópa í mismunandi vinnustundir þar sem börnin lærðu ólíka hluti eftir því hver átti í hlut. Þetta fyrirkomulag hentaði vel til að nýta sem best styrkleika hópstjóranna og allir fengu að njóta sín í verkefnum við hæfi og eftir áhuga. Eftir áramót var tekin upp þema um líkamann en þar voru unnin fjölbreytt verkefni í öllum hópum og áhugi barnanna var mikill. Eftir áramót tókum við einnig aftur upp verkefnið stjarna vikunnar en þar er unnið með heimamenningu barnanna. Börnin fóru reglulega í íþróttahúsið í alla vetur og á bókasafnið þar sem lesið var fyrir þau alltaf tvær bækur og svo fengu þau að njóta sín sjálf að velja bók og lesa.

Elstu börnin heldu áfram að vinna með sína þætti út frá áhugasviði og virkni. Þeirra vinna byggist mikið til á að fara út fyrir skólann, taka strætó og sækja þau tilboð um fræðslu sem eru í boði hverju sinni. Í hverjum mánuði fór hópurinn í ferð út fyrir skólann annað hvort á safn, bíó eða leikhús. Hópurinn vann að útskriftarstuttmynd sinni og var hún frumsýnd nú í júní við mikinn fögnuð barnanna og foreldra þeirra. Börnin búa til handrit og söguþráð með aðstoð aðstoðarleikskólustjórans og hópstjórans. Stuttmyndgerðin er orðin fastur liður í starfi Stakkaborgar með elsta barnahópnum.



Hinn árlegi viðburður að vinna með Tónskóla Sigursveins og ákveðnu tónskáldi ásamt öðrum leikskólum fór á fullt, þar sem við fórum í heimsókn í tónskólann og sungið í Hörpu sem var full að áhorfendum foreldrum, ömmum, öfum og krökkum úr leikskólunum. Skilaboðaskjóðan sem er samtarf okkar, Nóaborgar, Klambra og Háteigsskóla náði ekki að fara á flug, en vonandi getum við





tekið það upp í haust og látið það ganga betur. Við náðum þó að heimsækja Háteigsskóla einu sinni í vor og svo kom 1. bekkur einu sinni í heimsókn til okkar. Einnig heimsóttum við Klambra einu sinni og þau okkur einu sinni.

Styrkleikar

Starfsmenn elsta hópsins unnu mjög vel saman sem teymi og skiptu með sér verkefnum eftir styrkleika. Starfsfólk deildarinnar eru sjálfstæðir í vinnubrögðum. Sway er notað sem vikuleg samskipti við heimili barnanna og hefur verið mikil ánægja meðal foreldra með það.

Tækifæri

Meira samstarf í milli hópar/aldurshópa barna. Við viljum nýta þá reynslu sem við fengum í vetur með starfsmönnum elsta hópsins þar sem þeir unnu þétt og vel saman út frá sínum styrkleikum með hópinn, viljum efla þessa vinnu meðal annara starfsmanna. Getu bætt samstarf milli leikskóla og grunnskóla.

Undraland



og vinátta.

Í vetur voru 22 börn á Undralandi öll fædd árið 2020. Á deildinni voru fjórir hópstjórar og einn deildarstjóri. Þennan vetur byrjuðu þrír nýir hópstjórar hjá okkur. Við vinnum eftir skólanámskrá leikskólans, menntastefnu Reykjavíkurborgar og Aðalnámskrá leikskóla. Við leggjum áherslu læsi, félagsfærni, vellíðan og sköpun. Einkunnarorð leikskólans eru gleði, hreyfing

Markmið okkar var að senda heim sway skráningar á tveggja vikna fresti með fréttum frá hópstjórum. Það tók smá tíma að komast upp á lagið sérstaklega fyrir nýtt starfsfólk og oft sendum við fyrir alla deildina í einu sem kom ágætlega út. Þá var líka meira samræmi milli hópa sem var gott. Við settum í fyrsta sinn allar myndir inn á Völuna. Aðgangur að tækjum var með besta móti. Ígrundun um sway og einstaklingskráningar mætti efla á nýju ári með aukinni reynslu starfsfólks og að hlaða inn myndum inn á Völu er eitthvað sem við munum halda áfram að gera. Það kom sér mjög vel bæði þá gátu foreldrar séð allar myndir og þær allar á einum stað fyrir einstaklingskráningar.

Í vetur unnum við áfram með umbótaþáttinn fjöltyngd börn með það að marki að styðja við málörvun þeirra. Með flæðilestri, orðabókin mín frá Orðaleik og myndrænu skipulagi. Hver hópstjóri var með





myndrænt skipulag fyrir daginn og var það ágætlega nýtt af öllum hópstjórum. Það mætti passa betur upp á að hafa það sýnilegt yfir allan daginn. Orðabókina frá Orðaleik höfum við helst notað ef að börn eru alveg ný í íslensku málumhverfi en öll börnin á Undralandi voru að hefja sinn annan vetur og með grunn í íslensku svo við notuðum hana ekki. Hún er þó frábært verkfæri til að fara yfir orðaforða svo við ættum að nýta hana betur. Hæfniramma fyllti deildarstjóri út fyrir þau börn sem eru fjöltyngd en samtal og umræða um stöðu þeirra á deildarfundum þarf að vinna betur með. Flæðilestur gekk ekki eftir í vetur og verður haldið inni sem markmið fyrir næsta ár sameiginlega með öllum leikskólanum. Læsi var einn af umbótaþáttum okkar og flæðilestur hluti hans. Markmið var að hafa börn í minni hópum og að nota námsefnið Lubbi finnur málbeinið. Hópastarfið, lestur og lubbastundir, Blær, samvera og leikur í minni hópum gekk mjög vel og eins leikir með börnunum í samveru. Hópstjórar voru mun öruggari í lok vetrar að lesa fyrir börnin bæði í hópastarfi og í einstaklingslestri. Sýndu mikið frumkvæði til þess að leita leiða að miðla efni sem hentaði hópnum hverju sinni sem sýnir þekkingu og góð tengsl við börnin sem er eitthvað sem við á Undralandi erum virkilega ánægð með. Nýttum okkur verkefnavasa og annað tilbúið efni fyrir hópastarf í mun meira mæli en áður.



Styrkleikar

Styrkleikar okkar eru hópstarf og samvera í minni hópum. Við erum góð í að nýta okkur Lubba og Blæ ásamt leikjum með börnum og að styðja þau í frjálsum leik. Setja myndir inn á Völu sem eru aðgengilegar foreldrum og að senda sway heim. Sjónrænt skipulag fyrir daginn og í fataklefa eins inn á baðherbergi. Lestur og samtal við börn eru virkur þáttur í starfinu sem og að hlúa að félagsþroska barnanna ræða líðan þeirra og tengsl á deildarfundum. Við erum nú þegar búin að efla útikennslu til muna og höfum sett niður verkefni og fasta daga fyrir hvern hóp.

Tækifæri

Helstu tækifærin á Undralandi er markviss flæðislestur í samstarfi við aðrar deildir leikskólans. Eins setjum við okkur ný markmið með útikennslu. Næsta vetur viljum við tengja útikennslu við græna skref setja niður ákveðna daga sem hver hóp fer í útikennslu og nýta gróðurhúsið í hópastarfi.





Sjónarhóll



Í vetur voru á Sjónarhóli 14 börn fædd 2021. Þennan veturinn voru hjá okkur mun eldri börn en venjulega, þar sem biðlistar hafa lengst. Á deildinni voru tíu börn með fleiri en eitt tungumál. Þau börn sem voru með annað tungumál en íslensku voru mislangt á veg komin, sum vel stödd en önnur með litla sem enga íslenskukunnáttu og því fór

töluverður tími í málörvun sem við tókum inn í flesta þætti starfsins t.d. hópastarf, samverustund, söngstund, matmálstíma o.fl.

Stöðugildin á deildinni voru fjögur, deildarstjóri og þrjú hópstjórar. Auk þess kom inn afleysing sem leysti af undirbúningstíma deildarstjóra og deildarstjóri sá um að leysa af undirbúningstíma hópstjóra.

Aðlögun nýrra barna gekk í heildina mjög vel og vorum við með þátttökuaðlögun þar sem foreldrar fylgdu barninu fyrstu dagana og tóku virkan þátt í starfinu með okkur. Við leggjum mikla áherslu á góð og jákvæð samskipti við foreldra og er þátttökuaðlögun góð leið til að kynnast foreldrum vel frá byrjun. Okkar starf byggir á menntastefnu Reykjavíkurborgar, skólanámskrá leikskólans og aðalnámskrá leikskóla. Einkunnarorð leikskólans eru gleði, hreyfing og vinátta.

Frjáls leikur hefur mikið vægi á Sjónarhóli. Í gegnum leikinn læra börnin að taka tillit, samskipti við aðra, að þekkja rétt og rangt og að deila með öðrum ásamt gleði, umhyggju, virðingu og vináttu. Við leggjum mikla áherslu á að vera/sitja með börnunum á gólfinu, þar sem við getum leiðbeint og gripið strax inn í ef á þarf að halda, sem gerist oft þegar yngstu börn leikskólans eiga í hlut. Sérstaklega í byrjun vetrar.

Útivera er stór hluti af starfinu og við leggjum mikla áherslu á að fara út daglega og tvisvar á dag þegar veður leyfir. Við nýttum leiksvæði leikskólans að mestu fyrir útiveru, en fórum einnig í vettvangsferðir.

Í hópastarfi var ákveðið var að vinna með börnunum í litlum hópum. Barnahópnum var skipt í þrjú hópa sem unnu með mismunandi efnivið undir stjórn hópstjóra. Í tveimur hópnum voru fimm börn og í þriðja hópnum voru fjögur börn. Í hópastarfi unnum við með myndlist, tónlist, hreyfingu, könnunarleik ofl.



Við kynntum líka fyrir börnunum vináttuverkefni Barnaheilla og bangsann Blæ. Öll börnin fengu sinn eigin bangsa sem merktur var með mynd af barninu, sem gerir þeim kleift að þekkja sinn bangsa. Þau voru með bangsana í skipulögðum Blæstundum og leituðu einnig eftir þeim í einhverjum tilvikum ef þau þurftu á huggun að halda. Lubbi finnur málbein var líka





hluti af námsefninu okkar í vetur, við hlustuðum á lögin í söngstund, æfðum hljóðin og tengdum bókstafina við nöfn barnanna í hópnum. Öll börnin á deildinni fóru líka einu sinni í viku í Lubbastund, þar sem unnið var með námsefnið. Þetta gekk mjög vel og börnin sýndu efninu mikinn áhuga og þá sérstaklega táknunum við stafina. Í leikskólanum var sett á stofn læsisteymi sem m.a. ákvað hvaða stafi í stafrófinu var unnið með á hverri deild samkvæmt aldri barnanna. Við munum halda áfram að vinna með þetta námsefni og þróa þá vinnu áfram.

Við studdum við sjálfstæði barnanna í daglegum athöfnum með því að hvetja þau til sjálfshjálpar, t.d. í matmálstímum, fataherberginu, á snyrtingu, við aðrar aðstæður og eru börnin dugleg að reyna að hjálpa sér sjálf.

Skráningar hafa gengið vel og hvert barn er komið með ferilmöppu. Hópstjórar eru orðnir öruggir um þær skráningar og verkefni sem eiga að vera í möppunni og við höfum einnig náð að nýta deildarfundi til að samræma okkur þar. Við notuðum sway til að senda skráningar og myndir til foreldra sem fengu myndir úr starfinu sendar einu sinni í viku. Foreldrar mjög ánægðir með að fá þessar myndir og skráningar sem veittu aukna innsýn inn í starfið okkar.

Foreldraviðtöl voru tekin að hausti og vori og gengu mjög vel. Góð mæting var í viðtölin og foreldrar almennt ánægðir. Að hausti var rætt um aðlögun barnsins á leikskólann og almenna líðan þess í skólanum. Að vori var farið yfir þroska og stöðu barnsins. Þar sem börnin á deildinni voru í vetur mun eldri en undanfarin ár gerðum við auknar kröfur á þau og breyttum námsefni og leikefni í samræmi við það. Að hluta til vorum við með sama námsefni og Undraland.



Styrkleikar

Starfsfólk deildarinnar vinnur mjög vel saman og nýttum við mannauðinn mjög vel. Starfsmenn eru mjög góðir að lesa í aðstæður og hafa unnið lengi saman. Starfsmannahópurinn tókst á við verkefni vetrarins í sameiningu og gekk starfið mjög vel.

Tækifæri

Næsta skólaár ætlum við að leggja áherslu á tvennt, annarsvegar flæðislestur og hins vegar aukna áherslu á græn skref, en sú vinna hefur verið í gangi í leikskólanum undanfarin ár.

Umbótaáætlun deilda 2024-2025 má finna í fylgiskjölum





5 Innra mat sérkennslu

Mat á sérkennslu 2023-2024

| | |
|---|---|
| <p>Skipulagning sérkennslu Hvernig var sérkennslan skipulögð; Var gerð einstaklingsnámskrá fyrir öll börn sem þess þurftu með? Var lögð áhersla á að barn sem nýtur stuðnings sé virkur þátttakandi í leikskólastarfinu og að stuðningur fari fram innan barnahópsins eins mikið og frekast er kostur? Gætti allt starfsfólk leikskólans að því að stuðla að fullgildi barna þannig að þau taki virkan þátt og öðlist gleði í leik og öðru námi og starfi? Hvernig var skráningu háttað, t.d. í hópstarfi, einstaklingskennslu o.fl. ?</p> | <p>Sérkennslu börnin voru þrjú á tveimur deildum en eftir áramót 2024 voru þau öll á sömu deildinni. Þau höfðu öll einstaklingsáætlun. Þau voru partur af því starfi sem fram fór á deilinni þannig að þau tilheyrðu hóp ásamt 4/5 öðrum börnum þar sem ákveðinn starfmaður var hópstjóri og inn í hópnum var einnig stuðningurinn eða sérkennslustjóri ef þurfti. Þau voru svo reglulega tekin í einstaklingsþjálfun 1-2 á dag eftir þörfum hvers og eins þar sem fram fór innlögð eða leikþjálfun. Reynt var einnig að koma til móts við þau börn sem voru ekki með stuðning en þurftu á auknum stuðningi að halda í leikskólanum með því að nota viðeigandi íhlutanir með þeim og annað sem þau þurftu á að halda í leikskólastarfinu og þannig var stuðlað að menntun án aðgreiningar. Sérkennslan var skipulögð á þann hátt að sérkennslustjóri hélt utan um það starf og skipulag sem sneri að sérkennslunni. Það var myndað teymi utan um börnin og fjölskyldu þeirra sem hittist reglulega eða 6-8 vikna fresti. Í teyminu sitja sérkennslustjóri, deildarstjóri, stuðningsaðili, ráðgjafi af Vesturmiðstöð og foreldrar barnsins og einnig komu inn aðrir ráðgjafar eftir þörfum. Það var einnig mikil samvinna meðal starfsfólksins sem voru mest með barninu inn á deild. Skráningar voru með fjölbreyttum hætti eftir því hvað hvert barn þurfti á að halda hverju sinni. Það var mest notast við skráningarblöðin sem við fengum frá námskeiðinu Skráning og þjálfun í einstaklingsþjálfun. Það var notast við gráa listann úr bókinni Behavioral Intervention for Children with Autism, AHA skráningar og fleira. Einnig gerir hópstjóri barnsins sway skráningar sem sendar eru svo til foreldra sem innihalda myndir og myndbönd.</p> |
| <p>Hvaða matsgögn voru notuð? Hér er vísað í TRAS, AEPS,HLJÓM-2 og fl.</p> | <p>Þau matsgögn sem voru notuð voru TRAS og EFI-2 fyrir þau börn sem við höfðum áhyggjur af varðandi málþroska. Svo var einnig notað TRAS og AEPS fyrir þau börn sem við höfðum áhyggjur af varðandi almennan þroska og fyrir þau börn sem þurftu á meiri stuðning að halda. AEPS var notað til þess að búa til Einstaklingsnámskrár þar sem var verið að vinna að ákveðnum markmiðum með markvissum hætti. En svo var notast við HLJÓM-2 fyrir öll elstu börnin.</p> |
| <p>Hvaða námsefni var notað? Vorur t.d notuð aðkeypt námsgögn?</p> | <p>Það eru til ýmisleg námsgögn sem við notuðum eins og Lubbi finnur málbein, Vináttuverkefni Barnaheilla, Lærum og leikum með hljóðin appið, Orðagull, Orðalykill, Puppel pals, Georg og félagar, Málhljóðakassinn og Sól bækurnar. Vefirnir myndmal.is, fjölbreyttakennsla.is og paxel123.com mikið notaðir til að finna kennsluefni.</p> |





Umbótaáætlun sérkennslu 2024-2025

| Deild/aldur barna | |
|---|---|
| Umbótaþáttur/matsþáttur(t.s. stjórnun, uppeldis og menntastarf, mannauður/leikskólabragur, innra mat) | Sérkennslufundir skólans. |
| Tækifæri til umbóta-Að hverju er stefnt? | Að sérkennsluteymi skólans hittist á hverjum morgni og fari yfir það sem er framundan er þann daginn. Hvernig best er að nýta teymið hverju sinni út frá börnum. |
| Aðgerðir til umbóta-Hvernig á að framkvæma það? | Að hittast á hverjum morgni og fara yfir daginn. |
| Ábyrgð | Sérkennslustjóri. |
| Hvenær hefst og hvenær eru áætluð lok? | September 2024 til júní 2025 |
| Hvenær og hvernig á að meta? Hvaða aðferðir á að nota við matið (t.d. könnun, rýnihópur, fundir, viðtal við börn) | Nóvember 2024 – Febrúar 2025 – Maí 2025. Fundir með teyminu og deildarstjórum. |
| Viðmið um árangur-Viðmið er gæðalýsing og/eða mælikvarði sem stuðst er við til að meta hvernig tókst að ná markmiði | Farið yfir í lok árs hvernig teymið hefur unnið og metum hvaða árangur við erum að sjá af þessari vinnu. |





5 Innra mat – börn með fjölbreyttan tungumála- og menningarbakgrunn

Mat á málörvun og virkri þátttöku barna með fjölbreyttan tungumála- og menningarbakgrunn

2023-2024

| | |
|---|--|
| Hvernig er fjármagni sem úthlutað er til leikskólans vegna fjöltyngdra barna ráðstafað? | Ákveðinn starfmaður hafði það hlutverk að sinna fjöltyngdum börnum á elstu deildinni og tók þau í málörvunarstundir ásamt öðrum verkefnum. Deildarstjórar hinna deildanna héldu utan um hópinn á sínum deildum ásamt sérkennslustjóra. Fjármagnið var einnig nýtt í það að kaupa efnivið og námsefni sem hentar til kennslu fjöltyngdra barna. |
| Er markviss vinna með daglegan orðaforða (grunnorðaforða)? Er t.d. verið að vinna með Gefðu 10? | Á öllum deildum er unnið mikið með bækur og lestur fyrir nemendur. Gefðu 10 er notað til að vinna með ákveðna nemendur og gefa þeim aukna athygli og æfingu í tungumálinu. Við erum með málörvunarhópa fyrir fjöltyngd börn |
| Er lögð áhersla á að leggja inn ríkulegan orðaforða/dýpka orðaforða (í öllum aðstæðum, bæði skipulögðum og óskipulögðum)? | Við förum af stað með Flæðislestur á yngri deildum og ætlum að vinna betur að því verkefni áfram næsta vetur. Læstiseymi sá um að koma með bók vikunnar inn á deildir og hvetja hópstjóra til lesturs í misstórum hópum. Mikið málörvunarefni er til og mikið efni sem búið var til síðasta vetur var nýtt í hópastundum og samverum. |
| Er fylgst með framförum fjöltyngdra barna í íslensku? Eru t.d. notuð matstæki, <i>Hæfniráttur í íslensku fyrir fjöltyngd börn í leikskóla</i> , gerðar einstaklingsáætlanir eða annað? | Við nýtum Tras og skimunarlista. Við höfum notkun á Hæfnisrömmunum og sjáum fram á að nýta þá enn frekar næsta ár. Einstaklingsáætlanir verða gerðar eftir þörfum |
| Er hugað að öllum þáttum í læsisstefnu leikskóla, <i>Lesið í leik</i> , varðandi málþroska og virka þátttöku barna? Þættir máls: orðaforði og málskilningur; tjáning og frásögn; hlustun og hljóðkerfisvitund; ritmál; félagslegt tungumál, tilfinningar, áhugi, styrkleikar og löngun. | Við nýtum þematengda kennslu í hópa tímum en erum þá að vinna með ákveðið þema í ákveðinn tíma. Þá er unnið með orðaforðann í kringum þemað á sem fjölbreyttastan hátt. Við vinnum ýmis verkefni, leiksýningar, bíómynd með elstu börnum þar sem allir taka þátt. Á öskudaginn eru heimagerðir búningar sem eru unnir af börnunum vikunnar á undan og þar gefst gott tækifæri til að ræða við börnin um þeirra hugmyndir og leyfa þeim að hafa sínar hugmyndir að leiðarljósi. |





Umbótaáætlun –fjöltyngi 2024-2025

| Deild/aldur barna – Allar deildir | Hæfniramar |
|--|---|
| Umbótaþáttur/matsþáttur(t.s. stjórnun, uppeldis og menntastarf, mannauður/leikskólabragur, innra mat) | Hæfniramar í íslensku fyrir fjöltyngd börn. |
| Tækifæri til umbóta-Að hverju er stefnt? | Hæfniramar í íslensku fyrir fjöltyngd börn sé gerður fyrir öll tvítyngd börn í leikskólanum. |
| Aðgerðir til umbóta-Hvernig á að framkvæma það? | Að verkefnastjóri fjölmennningar hitti deildarstjóra reglulega og fari yfir hvernig gengur |
| Ábyrgð | Verkefnastjóri fjölmennningar |
| Hvenær hefst og hvenær eru áætluð lok? | Júní 2024 til júní 2025 |
| Hvenær og hvernig á að meta? Hvaða aðferðir á að nota við matið (t.d. könnun, rýnihópur, fundir, viðtal við börn) | Að verkefnastjóri fjölmennningar hitti deildarstjóra í viku 4 á tímabilinu - september – nóvember – janúar - mars - apríl - júní |
| Viðmið um árangur-Viðmið er gæðalýsing og/eða mælikvarði sem stuðst er við til að meta hvernig tókst að ná markmiði | Hvort náðst hafi að nota Hæfnisrammanna sem mælikvarða á framfarir hjá fjöltyngdum börnum. Þannig að við sjáum hvort vinnan hafi skilað árangri |

6 Starfsþróunarsamtöl og fræðsla

Starfsþróunarsamtöl voru haldin í nóvember og svo rætt við alla sem voru með breytingaróskir fyrir næsta starfsár nú á vordögum. Við færum starfsfólk örlítið milli deilda en þá erum við að horfa í samsetningu barnahópsins og starfsfólk tekur jákvætt í breytingar þegar þess þarf. Stefnt var að þremur viðtölum en náðist þó ekki en hins vegar er leikskólastjóri í miklu og góðu samtali við allt starfsfólk og heyrir reglulega í starfsfólki hvernig gangi og hver þeirra líðan er í starfi. Auk þess sem leikskólastjóri ræðir við þá starfsmenn sem virðast hafa einhverja vanlíðan, sbr. veikindi starfsmanna og ræðir við starfsfólk um hvað hægt sé að gera í hverju máli fyrir sig. Tekin var upp sú stefna að óska eftir veikindavottorðum við þá starfsmenn sem skora hátt á Bratford kvarða og stefnt að því að nýta það tæki enn betur næsta vetur. Það hefur gefist vel að taka Bratford samtöl og getur það veitt starfsfólki ákveðið aðhald. Stöðugt samtal milli stjórnenda og starfsmannahópsins um líðan starfsfólk og veikindaprósentu hefur haft góð áhrif á starfsmannahópinn, en stjórnendur fylgjast vel með veikindaprósentu leikskólans til að líðan allra sé höfð að leiðarljósi.

Fræðsla í ár var af ýmsum toga, við nýttum mannauðinn í húsi og héldum útikennsluerindi fyrir starfsmannahópinn. Við fengum Lubbanámskeið sem er mikilvægt á nokkurra ára fresti til að setja





nýtt starfsfólk inn í áherslu Lubba. Við fengum góða fræðslu frá KVAN sem var um félagslega stöðu barnsins í barnahópnum eftir áramót. En Vanda Sigurgeirsdóttir kom á einn skipulagsdag og einn starfsmannafund þar sem við fengum fyrirlestur og unnum verkefni í tengslum við allan barnahópinn þar sem horft var á félagslega stöðu allra barna leikskólans og tekið samtal um hvað við sem starfsfólk getum bætt til að bæta stöðu hvers og eins. Við fengum frábært Lubbanámskeið en það var kominn tími á að rifja upp Lubba, máhljóðin og táknið. Menntastefnumótið kom svo vel út í lok skólaársins en við hefðum viljað hafa tækifæri til að fara á fleiri vinnustofur en þær gáfu starfsmönnum mikið og var ánægja að geta valið sér námskeið eftir hádegi út frá áhuga hvers og eins. Við í Stakkaborg héldum erindi á málstofunni um Gerð stuttmynda með elstu nemendum og tókst sú vinnustofa mjög vel.

Í apríl fengum við heimsókn tveggja leikskólakennara frá Serbíu í eina viku. Við sýndum þeim hvernig leikskólastarfið hér í Stakkaborg gengur fyrir sig, ráðlögðum þeim með ferðir og fórum svo með þær Gullna hringinn. Skólastjórnendur, sérkennslustjóri og einn deildarstjóri fengu svo að endurgjalda ferðina með Erasmusstyrki og fórum við til Serbíu í eina viku um miðjan maí. Það var áhugavert og skapaði tengsl milli þessara tveggja landa sem að við ætlum að reyna að halda áfram að vinna að með því að senda á milli verkefni og nýta tæknina til að tengja okkur saman.

Við nýttum skipulagsdaga og starfsmannafundi í að ræða ýmis fagleg mál og var áherslan á leikinn töluverð og munum við nýta haustið enn frekar í það. Á skipulagsdegi í apríl fóru svo allar deildir yfir starfsáætlun 2023-2024, ræddu og mátu hvaða þætti við hefðum unnið með í vetur og setti sú umræða ákveðinn grunn að endurmati deildastjóranna fyrir næstu starfsáætlun.

Markmið næsta vetrar:

- Starfsþróunarsamtöl fara fram a.m.k tvisvar á ári og fara fram í okt/nóv og mars/apríl. Spurt er um líðan í starfi, styrkleika og það sem starfsmaður vill auka þekkingu á.
- Efla nýliðafræðslu á fyrstu 3 mánuðunum – komumst ekki í þetta nógu vel síðasta vetur. Við þurfum að efla móttöku nýliða og gera móttökuáætlun virka. Einn starfsmaður er búinn að ljúka leiðsagnarkennaranámi og mun halda utan um það ásamt stjórnendum leikskólans.
- Efla starfsfólk í að fara eftir starfsáætlun – hafa fast erindi með einhverju úr starfsáætlun á hverjum skipulagsdegi.
- Setja upp viðburðar- og uppbrotsteymi sem heldur utan um viðburði og daga sem fram koma á skóladagatali.
- Stækka Stakkaborg – vinna að því að fjölga starfsmönnum og efla enn frekar starfsmannahópinn í tengslum við nýbyggingu sem á að ljúka í kiringum áramót.





7 Samstarf leikskóla, grunnskóla og frístundamiðstöðva

Samstarf milli Stakkaborgar, Nóaborgar og leikskólans Klambra er alltaf aðeins til staðar. En við nýtum saman t.d. rútur fyrir Barnamenningarhátíð. Fengum Klambra í samsöng fyrir Barnamenningarhátíð og okkur var boði yfir á Klambra í heimsókn í vetur.

Samstarf við Háteigsskóla hefur verði mest í því formi að fá til okkar nemendur frá þeim sem eru í valfagi og velja að koma og prófa að vinna í leikskóla. Það var skipulagt af skólanum og nemendur komu fyrir áramóta og nýir nemendur eftir áramót. Þetta verkefni hefur gefist vel og börnin í leikskólanum glöð að fá inn unglunga sem spjalla og leika við þau. Háteigsskóli hefur svo boðið elstu nemendum í heimsókn og 1. bekkur grunnskólans heimsótt okkur. Annað samstarf hefur ekki verið og finnst okkur vöntun þar á en nemendur fóru ekki í heimsókn í vorskóla né í frístund eins og oft hefur verið áður, ekki var boðið upp á Vorskóla fyrir elstu börnin í Háteigsskóla. Börn úr tónskólanum hafa komið og spilað fyrir jólin fyrir nemendur.

8 Foreldrasamvinna

Í Stakkaborg eru starfandi foreldraráð og foreldrafélag. Í foreldraráði er amk eitt foreldri frá hverri deild, leikskólastjóri og aðstoðarleikskólastjóri. Kosið er í foreldraráð á aðalfundi foreldrafélagsins í upphafi skólaárs. Í ár buðu sig margir fram og var því ákveðið að stækka aðeins foreldraráðið. Mikið af samskiptum fer fram í gegnum tölvupóst en einnig er fundað ca. tvisvar á ári. Helstu breytingar eru bornar undir ráðið og einnig er ráðið inn í málum sem koma upp í leikskólanum sem tengjast börnum og skipulagningu. Ráðið fær áætlanir til umsagna. Foreldraráðið hefur fengið upplýsingar þegar einhverjar miklar breytingar eiga sér stað s.s. fengu fund í upphafi hausts til að skoða teikningar af nýbyggingu. Foreldraráð einnig boðað til að fara yfir starfsáætlun í lok skólaárs.

Foreldrafélag er kosið í september/október og sér um ýmsa viðburði yfir skólaári. Fyrsti viðburður foreldrafélagsins var jólaballið sem haldið var eina helgina fyrir jól. Börnin voru glöð og ánægð með skemmtunina. Sveitaferðin var alfarið í höndum foreldrafélagsins þetta árið og fóru þau þann 1. maí með nemendur í sveitaferð þegar leikskólinn var lokaður. Sumarhátíð leikskólans verður svo haldin í júnílok og þá sér foreldrafélagið um ýmsa viðburði og verkefni tengd þeim degi.

Foreldraviðtöl fara fram tvisvar sinnum á ári og geta foreldrar óskað eftir viðtali við deildarstjóra eða stjórnendur ef þeir vilja þess fyrir utan. Almenn hafa samskipti gengið mjög vel og fara upplýsingar um viðburði og fréttir heim í tölvupósti. Við erum alltaf að huga að bættu upplýsingaflæði og teljum okkur langt komin í að bæta það með almennum póstsendingum til foreldrar úr Völu og svo í gegnum Sway skráningar sem hópstjórar sinna og deildarstjórar senda heim. Í desember var svo jólakakó fyrir foreldra, jólaskórinn skreyttur og málaðar piparkökur, foreldrar mættu mjög vel og voru ánægðir að





vera orðin aftur partur af daglegu skólastarfi. Foreldrafélagið stóð svo fyrir jólaballi eina helgina í desember sem heppnaðist gríðarlega vel.

Við höfðum opna viku í byrjun desember en þá gátu foreldrar komið og tekið þátt í starfinu með barninu sínu. t.d farið með í íþróttir, tekið þátt í sögustund, söngstund eða verið með í frjálsum leik. Við náðum að halda bæði feðra- og mæðrakaffi en það var ánægjulegt að fá alla foreldra inn til okkar.

9 Skipulagsdagar og leikskóladagatal

Á næsta ári verða 6 skipulagsdagar:

- 22. ágúst
- 27.sept – sameiginlegur í hverfinu
- 19. nóv
- 6.feb 2025 – sameiginlegur í hverfinu
- 7. mars 2025
- 5. maí 2025 – sameiginlegur í hverfinu

Starfsmannafundir verða fjórir en þeir eru þá mánuði sem ekki eru skipulagsdagar. Við höldum starfsdagana frá kl 16:30-18:30 og látum það rúlla á milli mismunandi vikudaga.

Fundirnir verða dagana:

- 22. okt
- 7. jan 2025
- 10. apríl 2025
- 2. Júní 2025

Í samtali milli leikskólastjóra og foreldraráðs leikskólans var tekin ákvörðun að frá og með hausti 2023 yrði fyrirfram ákveðið sumarleyfi sem myndi alltaf miðast við að lokað væri í 4 vikur (20 daga) og opnað yrði aftur á fimmtudegi eftir Verslunarmannahelgi. Með þessu móti geta foreldrar og starfsfólk viðtað í upphafi skólaárs hvenær leikskólinn lokar yfir sumarið. Við höfum haft kannanir á hverju ári og endum alltaf á þessum sama eða mjög sambærilegum tíma. Með þessu móti þá er þetta fast og auðvelt að kynna í upphafi skólaársins. Við áætlum því að sumarleyfi næsta árs verði frá og með 9.júlí til og með 6. ágúst. En erum með fyrirvara á því vegna verkefnisins Fyrr í frístund – og munum breyta fríi ef til þess kemur að Fyrr í frístund komi í okkar hverfi – þá þarf hugsanlega að hliðra einhverjum dögum, en munum tilkynna það með auglýsingu á breytingu á sumarleyfistíma.





10 Fylgiskjöl

10.1 Umbótaáætlun allra deilda 2024-2025

| Allar deildir | Útikennsla |
|--|--|
| Umbótapáttur/matspáttur(t.s. stjórnun, uppeldis og menntastarf, mannauður/leikskólabragur, innra mat) | Útikennsla og tenging hennar við græn skref. |
| Tækifæri til umbóta-Að hverju er stefnt? | Nýta gróðurhúsið til kennslu og tengja útikennslu við græn skref. |
| Aðgerðir til umbóta-Hvernig á að framkvæma það? | Öll börn fari markvisst einu sinni í viku í útikennslu að lágmarki. Settir niður dagar fyrir hverja deild. Kynna okkur betur græn skref. |
| Ábyrgð | Deildarstjórar |
| Hvenær hefst og hvenær eru áætluð lok? | September 2024 til maí 2025 |
| Hvenær og hvernig á að meta? Hvaða aðferðir á að nota við matið (t.d. könnun, rýnihópur, fundir, viðtal við börn) | Deildarfundir, starfsdagar, viðtöl við elstu börnin. |
| Viðmið um árangur-Viðmið er gæðalýsing og/eða mælikvarði sem stuðst er við til að meta hvernig tókst að ná markmiði | Tókst okkur að fara markvisst í útikennslu eins og stefnt var að og vinna með græn skerf. |
| Allar deildir | Læsi |
| Umbótapáttur/matspáttur(t.s. stjórnun, uppeldis og menntastarf, mannauður/leikskólabragur, innra mat) | Flæðilestur |
| Tækifæri til umbóta-Að hverju er stefnt? | Markviss flæðilestur á hverri deild. |
| Aðgerðir til umbóta-Hvernig á að framkvæma það? | Bók valin fyrir hverja deild. Lesið í litlum hópum og einstaklingslestur með sömu bók. Kynnt fyrir foreldrum. Veljum bækur og orðalista út frá Orð eru ævintýri. |
| Ábyrgð | Deildarstjórar og allt starfsfólk deilda. |
| Hvenær hefst og hvenær eru áætluð lok? | September 2024 til maí 2026 |
| Hvenær og hvernig á að meta? Hvaða aðferðir á að nota við matið (t.d. könnun, rýnihópur, fundir, viðtal við börn) | Fundir með deildarstjórum, deildarfundir og orðaforðalisti sem við viljum þróa. |
| Viðmið um árangur-Viðmið er gæðalýsing og/eða mælikvarði sem stuðst er við til að meta hvernig tókst að ná markmiði | Metum hvernig gekk að fara í flæðilestur og þróum orðalista út frá bókinni Orð eru ævintýri til að meta aukningu í orðaforða. |





10.2 Leikskóladagatal 2024-2025

| Samband íslenskra sveitarfélaga | | Leikskóladagatal 2024 - 2025 | | | | | | | | | | | | Stakkaborg | |
|---------------------------------|-----------|------------------------------|----------|----------|--------|---------|------|-------|------|------|--|--|--|------------|--|
| Matn leikskóla: | | Matn leikskóla: | | | | | | | | | | | | Stakkaborg | |
| ÁGÚST | SEPTEMBER | OKTÓBER | NOVEMBER | DESEMBER | JANUAR | FEBRÚAR | MARS | APRÍL | MAÍ | JÚNÍ | | | | | |
| 1 F | 1 S | 1 Þ | 1 F | 1 S | 1 Mj | 1 L | 1 L | 1 Þ | 1 F | 1 S | | | | | |
| 2 F | 2 M | 2 M | 2 L | 2 M | 2 F | 2 S | 2 S | 2 M | 2 F | 2 M | | | | | |
| 3 L | 3 Þ | 3 F | 3 S | 3 Þ | 3 F | 3 M | 3 M | 3 F | 3 L | 3 Þ | | | | | |
| 4 S | 4 M | 4 F | 4 M | 4 M | 4 L | 4 Þ | 4 Þ | 4 F | 4 S | 4 M | | | | | |
| 5 Mj | 5 F | 5 L | 5 Þ | 5 F | 5 S | 5 M | 5 M | 5 L | 5 M | 5 F | | | | | |
| 6 Þ | 6 F | 6 S | 6 M | 6 F | 6 M | 6 F | 6 F | 6 S | 6 Þ | 6 F | | | | | |
| 7 M | 7 L | 7 M | 7 F | 7 L | 7 Þ | 7 F | 7 F | 7 M | 7 M | 7 L | | | | | |
| 8 F | 8 S | 8 Þ | 8 F | 8 S | 8 M | 8 L | 8 L | 8 Þ | 8 F | 8 S | | | | | |
| 9 F | 9 M | 9 M | 9 L | 9 M | 9 F | 9 S | 9 S | 9 M | 9 F | 9 M | | | | | |
| 10 L | 10 Þ | 10 F | 10 S | 10 Þ | 10 F | 10 M | 10 M | 10 F | 10 L | 10 Þ | | | | | |
| 11 S | 11 M | 11 F | 11 M | 11 M | 11 L | 11 Þ | 11 Þ | 11 F | 11 S | 11 M | | | | | |
| 12 M | 12 F | 12 L | 12 Þ | 12 F | 12 S | 12 M | 12 M | 12 L | 12 M | 12 F | | | | | |
| 13 Þ | 13 F | 13 S | 13 M | 13 F | 13 M | 13 F | 13 F | 13 S | 13 Þ | 13 F | | | | | |
| 14 M | 14 L | 14 M | 14 F | 14 L | 14 Þ | 14 F | 14 F | 14 M | 14 M | 14 L | | | | | |
| 15 F | 15 S | 15 Þ | 15 F | 15 S | 15 M | 15 L | 15 L | 15 Þ | 15 F | 15 S | | | | | |
| 16 F | 16 M | 16 M | 16 L | 16 M | 16 F | 16 S | 16 S | 16 M | 16 F | 16 M | | | | | |
| 17 L | 17 Þ | 17 F | 17 S | 17 F | 17 F | 17 M | 17 M | 17 F | 17 L | 17 Þ | | | | | |
| 18 S | 18 M | 18 F | 18 M | 18 M | 18 L | 18 Þ | 18 Þ | 18 F | 18 S | 18 M | | | | | |
| 19 M | 19 F | 19 L | 19 Þ | 19 F | 19 S | 19 M | 19 M | 19 L | 19 M | 19 F | | | | | |
| 20 Þ | 20 F | 20 S | 20 M | 20 F | 20 M | 20 F | 20 F | 20 S | 20 Þ | 20 F | | | | | |
| 21 M | 21 L | 21 M | 21 F | 21 L | 21 Þ | 21 F | 21 F | 21 M | 21 M | 21 L | | | | | |
| 22 S | 22 S | 22 Þ | 22 F | 22 S | 22 M | 22 L | 22 L | 22 Þ | 22 F | 22 S | | | | | |
| 23 F | 23 M | 23 M | 23 L | 23 M | 23 F | 23 M | 23 S | 23 M | 23 F | 23 M | | | | | |
| 24 L | 24 Þ | 24 F | 24 S | 24 F | 24 F | 24 M | 24 M | 24 F | 24 L | 24 Þ | | | | | |
| 25 S | 25 M | 25 F | 25 M | 25 M | 25 L | 25 Þ | 25 Þ | 25 F | 25 S | 25 M | | | | | |
| 26 M | 26 F | 26 L | 26 Þ | 26 F | 26 S | 26 M | 26 M | 26 L | 26 M | 26 F | | | | | |
| 27 Þ | 27 F | 27 S | 27 M | 27 F | 27 M | 27 F | 27 F | 27 S | 27 Þ | 27 F | | | | | |
| 28 M | 28 L | 28 M | 28 F | 28 L | 28 Þ | 28 F | 28 F | 28 M | 28 L | 28 L | | | | | |
| 29 F | 29 S | 29 Þ | 29 F | 29 S | 29 M | 29 M | 29 L | 29 Þ | 29 F | 29 S | | | | | |
| 30 F | 30 M | 30 M | 30 L | 30 M | 30 F | 30 F | 30 S | 30 M | 30 F | 30 M | | | | | |
| 31 L | 31 F | 31 F | 31 Þ | 31 M | 31 F | 31 M | 31 M | 31 L | 31 L | 31 L | | | | | |

Í reglum um leikskólaþjónustu segir:
Leikskólar eru lokaðir sex daga á ári vegna skipulagsdaga. Þrjú þeirra skulu vera á sama tíma og starfsdagar starfsfólks eða frídagar nemenda í grunnskólum en hinir þrjú geta verið ýmist hálfir dagar eða heilir. Leikskólagjöld lækka ekki vegna þessa. Börn sem dvelja í leikskólum Reykjavíkurborgar taka að lágmarki tuttugu virka daga í sumariþri. Leikskólastjóri ákveður, að höfðu samráði við starfsmenn og foreldrarabá viðkomandi leikskóla hvort leikskólinn verði opin allt sumarið eða loki samtítt í tili tuttugu virka daga. Stefna skóla- og frístundasviðs er að í hverju hverfi leitist skólastjórnundur leik- og grunnskóla við að samræma starfs- og skipulagsdaga til hagræðis við fjölskyldur í Reykjavík.



10.3 Umsögn foreldraráðs

Fagskrifstofa leikskólamála

Dagsetning: 30. júní 2024

Umsögn foreldraráðs um starfsáætlun leikskólans

Foreldraráð hefur kynnt sér starfsáætlun Stakkaborgar 2024-2025 og sér fram á spennandi tíma næsta skólaár. Leikskólinn Stakkaborg hefur að geyma frábært starfsfólk sem hefur mikla fagþekkingu og reynslu á sínu sviði. Jákvætt er hversu vel leikskólinn kemur út í starfsmannakönnuninni Stofnun ársins á vegum Sameykis og að starfsánægja sé góð. Gott vinnuumhverfi og góð vinnuskilyrði skila ánægðara starfsfólki sem vinnur með börnunum okkar stóran hluta af þeirra vökutíma.

Starfsáætlunin er góð og mikilvæg innsýn í starfið fyrir foreldra, hvort sem er á starf leikskólans í heild eða innan hvernar deildar. Deildirnar eru almennt duglegar við að senda myndir af börnunum og starfinu á leikskólanum og ánægjulegt að sjá þær stefna á að halda þeirri vegferð áfram. Foreldraráð hvetur leikskólann til að halda því áfram og bæta um betur svo foreldrar fái góða innsýn í daglegt starf barnanna sinna, til að mynda með skilaboðum um hverjar áherslur næstu viku/vikna verði. Auk þess er bæði gagnlegt og skemmtilegt að foreldrum sé boðið að koma í heimsókn og taka þátt í starfinu og mætti jafnvel ýta enn frekar undir það.

Í umbótaáætlun er ánægjulegt að sjá enn frekari áherslu á teymisvinnu sem þegar hefur verið byrjað að innleiða. Þannig er ábyrgð starfsfólks dreift og rödd sem flestra fær að heyrast. Starfsfólk Stakkaborgar hefur verið duglegt við að halda fjölmenningu á lofti inni á deildum og gaman er að sjá áherslu á aukningu fjölmenningarstarfs t.d. með alþjóðaviku. Það mætti jafnframt hvetja foreldra barna af erlendum uppruna til þess að taka þátt í bæði foreldraráði og foreldrafélaginu, ef það er ekki gert nú þegar.

Foreldraráð fagnar auknu samstarfi við aðra leikskóla og grunnskóla, sér í lagi Háteigsskóla, til að byggja frekari brú á milli leik- og grunnskóla hjá börnunum. Allt samstarf er af hinu góðu, bæði fyrir starfsfólk og börnin.

Mikilvægur þáttur í starfi leikskólans er málörvun og læsi. Lögð var áhersla á það síðasta vetur og heldur hún áfram en það er jákvæð viðbót að fá inn starfsmann sem tekur að sér verkefnastjórnun í tónlist. Útivera, hreyfing og útikennsla er allt hluti af starfi leikskólans og ánægjulegt að sjá ríka





áherslu lagða áfram á þá þætti. Þá ekki hvað síst varðandi hreyfingu sem er eitt af einkunnarorðum leikskólans. Auk þess verður einstaklega spennandi að sjá hvernig stækkun leikskólans muni ganga en aukið pláss fyrir allar deildir, enn betri svæði fyrir útikennslu og stóra listaaðstöðu höldum við í foreldraráði að allir foreldrar og forráðafólk fagni.

Að lokum viljum við í foreldraráði þakka stjórnendum og öllu starfsfólki Stakkaborgar fyrir gott samstarf og að halda einstaklega vel utan um börnin okkar ásamt því að hafa í heiðri góðan anda í öllu leikskólastarfinu.

Fulltrúar í foreldraráði:

Heba Eir, Hanna Heiðars, Særún Traustadóttir, Ingibjörg Hanna, Gísli Óskarsson

Undirskrift fulltrúa í foreldraráð

Gísli Óskarsson 30. júní 2024

F. h. Leikskólans Stakkaborgar

Jónína Einaradóttir

Leikskólastjóri

30. Júní 2024

Dagsetning

